



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 14. október 2014 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Gústaf Jökull Ólafsson, Sandra Rún Björnsdóttir og Ágústa Bragadóttir í forföllum Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð. Sérstakur gestur undir lið 3 var Jón Þór Kjartansson, umsjónarmaður Endurvinnslustöðvarinnar.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1410014 – Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

Sandra Rún Björnsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kjörin varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. 1410015 – Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 27. febrúar 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

3. 1402025 – Sorpmál.

Jón Þór Kjartansson fór yfir ástand moltugerðarvélar sem leigð er af Gámaþjónustu Vesturlands, en mótur í vélinni brann yfir í febrúar. Gámaþjónusta Vesturlands tekur þátt í 50% af kostnaði við nýjan mótur en býður sveitarfélaginu jafnframt að kaupa vélina ásamt húsnæði í því ástandi sem vélin er.

Fyrir nefndinni lá einnig samantekt aðalbókara á hlutfalli blandaðs úrgangs, en þar kemur í ljós mikill munur á flutningi á blönduðum úrgangi sem fluttur er úr sveitarfélaginu af Gámaþjónustunni, eða sem nemur 60 kg á hvern íbúa fyrstu fjóra mánuði ársins í ár, miðað við um 33 kg fyrsta ársfjórðung 2013.

Nefndin mælir með því við sveitarstjórn að moltugerð verði haldið áfram í sveitarfélaginu og að vélinni verði komið í gagnið fljótt.

Önnur mál (ef einhver):

4. 1410016 – Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga 6. nóvember 2014.

Gústaf Jökull Ólafsson mun mæta á fundinn fyrir hönd nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21.

| | |
|--|--|
| | |
| | |
| | |